

Borgarráð

*Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um sérstakt átak í atvinnumálum fatlaðs fólks*

Á fundi borgarstjórnar þann 5. janúar 2016 lögðu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks fram svohljóðandi tillögu:

Borgarstjórn samþykkir að hrinda af stað sérstöku átaki í atvinnumálum fatlaðs fólks. Átakið snýst um að innleiða störf á vinnustöðum borgarinnar fyrir fatlað fólk sem þarf stuðning. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg hafi frumkvæði að því að fötluðu fólki bjóðist tækifæri á vinnumarkaði en slík tækifæri eru nú mjög af skornum skammti. Mjög brýnt er einnig að Reykjavíkurborg hafi frumkvæði að því að vinna að nauðsynlegum leiðum og aðgerðum til að finna hvaða störf henta og hvernig nauðsynlegt er að útfæra stuðninginn. Efnt skal til átaksins í samvinnu við Vinnumálastofnun og hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Borgarstjórn samþykkti að vísa erindinu til borgarráðs.

Lagt er til að borgarráð samþykki svohljóðandi breytingartillögu:

Stýrihópi um atvinnu- og virkniúrræði verði falið að gera tillögu að átaki í atvinnumálum fatlaðs fólks með það að markmiði að fjölga atvinnutækifærum sem standi fötluðu fólki og fólki með skerta starfsgetu til boða.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréf stýrihóps um atvinnu- og virkniúrræði á vegum Reykjavíkurborgar, ódagsett.

# ERINDISBRÉF

## Stýrihópur um atvinnu- og virkniúrræði á vegum Reykjavíkurborgar

### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

### Hlutverk:

Stýrihópnum er falið að móta stefnu í atvinnu- og virknimálum með áherslu á fjölbreytt atvinnuúrræði fyrir fólk með skerta starfsgetu og með þörf fyrir hæfingartengda þjónustu. Byggt verði á viljayfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga, velferðarráðuneytis og Vinnumálastofnunar um framtíðarskipan atvinnumála fatlaðs fólks. Þá verði byggt á þeirri reynslu sem hlotist hefur af þeim fjölmörgu atvinnu- og virkniúrræðum sem borgin hefur leitt og tekið þátt í. Stefnan nái til þess hvernig Reykjavíkurborg styður við starfsfólk sem vegna veikinda þarf að breyta um starfsvettvang og hvernig bjóða megi fólki sem farið er á eftirlaun, störf á vegum Reykjavíkurborgar. Lögð verði áhersla á að taka tillit til mismunandi getu fólks í störfum hjá Reykjavíkurborg.

### Helstu verkefni:

- Vinna drög að stefnu í atvinnu- og virknimálum. Stefnan taki til þess hvernig efla megi tengingar við og hvernig vinna megi að starfsþróun hópsins t.d. á milli hæfingartengdrar vinnu og atvinnu með stuðningi.
- Kortlagning atvinnu- og virkniúrræða sem Reykjavíkurborg hefur staðið fyrir eða tekið þátt í fyrir langtímaatvinnulausa, notendur fjárhagsaðstoðar, fatlað fólk, fólk í langtímaveikindum og aðra hópa sem þarfnast stuðnings á vinnumarkaði.
- Greina þörf fyrir vinnumarkaðúrræði fyrir langtímaatvinnulausa, fólk á fjárhagsaðstoð fatlað fólk, fólk í langtímaveikindum og aðra hópa sem þarfnast stuðnings á vinnumarkaði.
- Leggja heildstætt mat á kostnað vegna atvinnu- og virkniúrræða með áherslu á áhrif úrræða á framtíðarkostnað, aðra þjónustupætti o.fl.
- Greining á langtímaveikindum hjá Reykjavíkurborg og nýtingu starfsmanna á endurhæfingarúrræðum (VIRK) og greining á þörf fyrir aðlögun starfa að breyttri starfshæfni starfsfólks í kjölfar veikinda.
- Gera tillögu að fyrirkomulagi sumarstarfa. Þ.m.t. hvernig má nýta sumarstörf til að efla viðkvæma hópa.
- Gera tillögu að atvinnu- og hæfingarúrræðum, þ.m.t. á nýjum tækifærum á atvinnumarkaði fyrir langtímaatvinnulausa, fólk á fjárhagsaðstoð, fatlað fólk, fólk í langtímaveikindum og fyrir aðra hópa sem þarfnast stuðnings á vinnumarkaði.

### Stýrihópin skipa:

3 fulltrúar frá meirihluta borgarstjórnar.

2 fulltrúar frá minnihluta borgarstjórnar.

### Starfsmenn:

Þóra Kemp, deildarstjóri almennrar ráðgjafar, velferðarsviði.

Katrín Þórdís Jacobsen deildarstjóri sértækrar ráðgjafar, velferðarsviði.

Auður Björgvinsdóttir, teymisstjóri atvinnumála í mannauðsdeild Ráðhúss.  
Tómas Ingi Adolfsson, sérfræðingur mannréttindarskrifstofu.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Stýrihópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Reykjavík, dags.

Dagur B. Eggertsson

DRÖG